



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 REYKJAVÍK

ALÞÝÐUSAMBAND ÍS 1/92S

Alþingi

Erindi nr. P 131/983

komudagur 7.3.2005

Reykjavík, 4. mars 2005

Tilvísun: 2005020039


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Frumvarpið er sett fram samhliða frumvarpi um afnám undanþágu orkufyrirtækja frá greiðslu tekjuskatts, 364 mál. Felur þetta frumvarp í sér niðurfellingu sérákvæða um skattundanþágur orkufyrirtækja í ýmsum lögum.

Í umsögn sinni um ofan greint frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál, leggur Alþýðusambandið til að það frumvarpið verði ekki samþykkt. Með hliðsjón af þeirri umsögn og þeir rökum sem þar eru tilgreind leggur Alþýðusambandið til að þetta frumvarpið verði ekki heldur samþykkt.

F.h. Alþýðusambands Íslands,


Þingunn S. Þorsteinsdóttir,
hagfræðingur



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/1818
komudagur 4.5.2005

Reykjavík, 29. apríl 2005
R05040246
GE/isg

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Skattlagning orkufyrirtækja

Á fundi borgarráðs 28. þ.m. var ítrekuð andstaða Reykjavíkurborgar við áform um skattlagningu orkufyrirtækja eins og þau birtast í lagafrumvarpi um málið sem nú er fyrir Alþingi. Samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga hefði þessi skattlagning orkufyrirtækja sveitarfélaga numið um 1,1 milljarði króna á árunum 2002 og 2003. Allar líkur eru á því að þessi fyrirhugaða skattlagning muni leiða til hækkunar á raforkuverði, heitu vatni og vatnsgjaldi í nánustu framtíð, en skipulagsbreytingar á raforkumarkaði hafa þegar leitt til hækkunar raforkuverðs. Borgarráð mótmælir því harðlega að ríkið fari fram með þessum hætti og krefst þess að viðræður fari fram milli ríkis og sveitarfélaganna áður en lagafrumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja verður að lögum.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Samrit:
Formenn þingflokka



Góðir straumar í 40 ár

Alþingi
Erindi nr. P 131/961
komudagur 4.3.2005

Nefndasvið Alþingis
b.t.: iðnaðarnefndar
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 03.03.2005

150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Með bréfi nefndarinnar frá 16. febrúar 2005 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003 var lagt fram á Alþingi frumvarp um skattskyldu raforkufyrirtækja og barst Landsvirkjun það til umsagnar með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 10. febrúar sl. Landsvirkjun sendi efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um það frumvarp með bréfi dags. 28.02.2005 (sjá fylgiskjal).

Frumvarp það sem hér liggur fyrir til umsagnar er eðlilegt framhald af fyrrgreindu frumvarpi, verði það að lögum. Í því felst að undanþága allra orkufyrirtækja í landinu frá greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga fellur niður. Sérstaklega er þó tekið fram að frumvarpinu er ekki ætlað að hrófla við þeim almennu reglum sem gilda um fasteignaskatta og fasteignamat mannvirkja í eigu orkufyrirtækja.

Í ljósi ofangreinds gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarp það sem hér liggur fyrir eins og málin standa nú, en vekur sérstaka athygli á síðasta málslið fyrstu málsgreinar í athugasemdum við frumvarpið þar sem segir “Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggir við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.” Af því tilefni er rétt að leggja áherslu á þau sjónarmið, sem koma fram í meðfylgjandi fylgiskjali um fiskræktarsjóðsgjald en það er lagt á þau orkufyrirtæki sem framleiða raforku með vatnsafla en ekki önnur. Því er ítrekuð sú krafa fyrirtækisins að öll ákvæði í lögum um þá skattlagningu verði numin brott.

Virðingarfyllt

Friðrik Sophusson
forstjóri



Landsvirkjun
er bakhjarl
Þjóðminjasafns Íslands



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Norðurorka hf. bendir á að skattar á orkufyrirtæki munu hafa áhrif til hækkunar á orkuverði.

Norðurorka hf. bendir einnig á athugasemdir Samorku við frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, **364. mál** og gerir þær að sínum

Athugasemdir við einstakar greinar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar.

Virðingarfyllst,
Akureyri, 4. mars 2005.
Fh. Norðurorku hf.


Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/939
komudagur 2.3. 2005



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febrúar 2005
Tilvísun: 2005020031

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþings, dags. 16. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál, skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga. Í frumvarpinu felst að gerð er tillaga um að felld verði brott sérákvæði laga um skattundanþágur, þ.e. í orkulögum, nr. 58/1967, lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 19/2001, lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku nr. 159/2002, lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða nr. 40/2001, lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001, lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 og lögum um raforkuver nr. 60/1981 í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Orkustofnun gerir ekki athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7.3.2005
HBK/get

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 10. grein laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur verði felld brott. Samkvæmt þessari lagagrein fer um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinbera gjalda til ríkis og sveitarsjóða á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. Samkvæmt lagagreininni er Orkuveita Reykjavíkur undanþegin stimpilgjöldum.


Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, Orkuveita Reykjavíkur hefur þegar skilað umsögn um það lagafrumvarp, en þar segir meðal annars;

- Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem í núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur ekki fram hvaða áhrif þessi skattlagning hefur á orkufyrirtækin og ekki kemur fram hvaða breytingar verða á gjaldskrár fyrirtækjanna verði frumvarpið að lögum.
- Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum.
- Orkuveita Reykjavíkur er í eigu fjögurra sveitarfélaga sem hafa haft af henni arð. Möguleikar Orkuveitunnar til arðgreiðslna til eigenda sinna skerðast verulega ef til skattgreiðslna kemur. Ljóst er að sveitarfélögin eru ekki undir þann tekjumissi búin.
- Til að raska ekki samkeppnisstöðu orkufyrirtækja er nauðsynlegt að kveða á um að sömu reglur gildi um skattskyldu þeirra og skatthlutfall óháð því hvert rekstrarformið er.
- Flestar orkuveitur landsins eru með fjölþætta starfsemi svo sem rafmagnsdreifingu, rafmagnsframleiðslu, hitaveitur, vatnsveitur og fleiri starfssvið. Mikilvægt er að sömu reglur gildi óháð því hver starfsemin er sem verið er að skattleggja. Mjög

kostnaðarsamt er fyrir fyrirtækin þegar mismunandi reglur gilda fyrir mismunandi starfsemi.

Afnám undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda kemur sér afar illa fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið stendur í umfangsmiklum virkjunarframkvæmdum á Hellisheiði og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við fyrsta áfanga virkjunarinnar og lagningu heitavatnsæðar til höfuðborgarsvæðisins nemi um 25 til 27 milljarðar króna. Mestur hluti kostnaðarins er fjármagnaður með lánum og við arðsemisútreikninga virkjunarinnar hefur verið gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur yrði undanþegin stimpilgjöldum vegna þeirra lána sem taka þarf. Orkuveita Reykjavíkur leggur ríka áherslu á að undanþága þessi verði ekki afnumin.

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur;


Hjörleifur B. Kvaran

RSK

Alþingi
Erindi nr. P 131/844
komudagur 24.2.2005

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. febrúar 2005 2005020304


Með bréfi dags. 16. febrúar sl. sendi Iðnaðarnefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál, skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1183
komudagur 6.4.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðherra
hr. Árni Magnússon
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. apríl 2005

0409002SA PS/sp
Tilv.: 008

Efni: Skattlagning hitaveitna og vatnsveitna

Á Alþingi eru nú til meðferðar annarsvegar frumvarp til laga um skattlagningu orkufyrirtækja, 364. mál, og hinsvegar frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið hlutaðeigandi þingnefnum í té meðfylgjandi umsagnir um framangreind þingmál dagsettar 17. febrúar 2005 og 7. mars 2005.

Á sameiginlegum fundi efnahags- og viðskiptanefndar og iðnaðarnefndar Alþingis í dag fylgdu undirritaður og Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins, eftir þeim efnislegu athugasemdum sem fram koma í umsögnum sambandsins við umrædd frumvörp.

Að óbreyttu mun samþykkt frumvarpanna leiða til þess að allar hitaveitur í landinu verða skattskyldar svo og einnig þær vatnsveitur sem reknar eru á vegum fyrirtækja er sameiginlega annast rekstur rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, þ.e. Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka, svo dæmi séu nefnd. Ólíkt rekstrarform vatnsveitna mun því leiða til þess að þær verða skattlagðar með misjöfnum hætti.

Í framangreindum umsögnum kemur fram að sambandið leggst alfarið gegn því að hitaveitur og vatnsveitur verði skattlagðar með sama hætti og raforkufyrirtæki, enda styðst sú nýja skattlagning ekki við nein efnisleg rök og mun leiða til hækkunar á gjaldskráum umræddra fyrirtækja eða til lækkunar á þeim arði sem sveitarfélögin hafa haft af þessari starfsemi sinni.

Í umsögnum sambandsins eru lagðar til breytingar á tilteknum greinum frumvarpanna sem leiða til þess að hitaveitur og vatnaveitur verða áfram með óbreyttum hætti undanþegnar skattgreiðslum til ríkisins en óljóst er hvort Alþingi hyggst taka tillit til þeirra athugasemda.

Að mati sambandsins fela umrædd frumvörp í sér meiriháttar breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga verði þau lögfest óbreytt. Með vísan til 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga óskar sambandið því eftir formlegum viðræðum við fulltrúa ríkisins um efni frumvarpanna áður en þau verða afgreidd á Alþingi.




Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Pórður Skúlason

Pórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsógn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál
Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði,
396. mál
Afrit: Fjármálaráðherra,
iðnaðarráðherra,
iðnaðarnefnd Alþingis,
efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.



Alþingi
Erindi nr. P 131/1006
komudagur 8.3. 2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi iðnaðarnefnd
b.t. Ágúst G. Ágústssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. mars 2005

0502098SA PS/sp
Tilv.:220

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 16. febrúar 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði



Umsögn

Málsnr.: 0502098SA

Dags.: 7. mars 2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 220

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 17. febrúar sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál 131. löggjafarþings.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Verði frumvarpið að lögum verða felld brott ákvæði í sérlögum um ýmis orkufyrirtæki sem kveða á um undanþágu þeirra til greiðslu skatta og annarra opinberra gjalda.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið í ljós skoðun sína á skattlagningu orkufyrirtækja í umsögn um frumvarp til laga um skattlagningu orkufyrirtækja og vísast til þeirrar umsagnar hvað þá almennu afstöðu varðar. Í þeirri umsögn leggst sambandið alfarið gegn áformum um skattlagningu hitaveitna. Rökin fyrir skattlagningu hitaveitna eru samkvæmt því frumvarpi annars vegar þau að ýmsum vandkvæðum sé bundið að skattleggja eingöngu raforkuhluta starfseminnar en ekki hitaveituhlutann vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna væri. Erfitt væri að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Hins vegar var talið nauðsynlegt að orkugeirinn byggji við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.

Um þessar röksemdir er það að segja að orkufyrirtækjum er í raun þegar skylt að aðskilja rekstur sinn hvað einstaka rekstrarþætti varðar enda byggir rekstur hitaveitu, vatnsveitu og rafveitu á mismunandi lagagrunni og nauðsynlegt er að rekstur einstakra þátta sé afmarkaður vegna gjaldskrárgerðar fyrir hvern þátt fyrir sig. Jafnframt liggur það fyrir að ekki eru áform uppi um að skattleggja vatnsveitur og því næst ekki markmið frumvarpshöfunda um að skattleggja orkufyrirtækin heildstætt. Þá er það harkaleg niðurstaða gagnvart þeim hitaveitum sem reknar eru sjálfstætt að þær verði skattlagðar vegna þess að erfitt sé að aðskilja rekstur í fyrirtækjum sem jafnframt eru í raforkustarfsemi.

Samkeppnisrök eiga hér ekki við þar sem ljóst er að hitaveitur eiga hvorki í innbyrðis samkeppni né í raunverulegri samkeppni við raforkuframleiðslu.

Tilgangur þess frumvarps sem hér er til umsagnar er að afnema ákvæði í sérlögum um einstök orkufyrirtæki þar sem þeim eru veittar undanþágur frá greiðslu skatta auk þess sem ákvæði orkulaga þar að lútandi er jafnframt felld brott. Frumvarpið felur í sér, til viðbótar við fyrrnefnt frumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja, að afnumin er undanþága veitufyrirtækja frá stimpilgjöldum. Því er hér með

sérstaklega mótmælt enda einungis um að ræða enn eina ástæðu fyrir væntanlegri hækkun gjaldskráa veitufyrirtækjanna til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er með því tryggt að allar undanþágur orkufyrirtækja frá greiðslu skatta og gjalda til ríkisins eru niður fallnar. Það eina sem stendur eftir er að þessi fyrirtæki greiða ekki fulla fasteignaskatta til sveitarfélaga þar sem fasteignir þeirra eru ekki að fullu metnar í fasteignamati eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu. Verði það niðurstaða Alþingis að skattleggja hitaveitur og raforkufyrirtæki að fullu gagnvart sköttum til ríkisins þá hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að afnema einnig undanþágur þessara fyrirtækja varðandi fasteignamat mannvirkja sem notuð eru við þessa starfsemi.

Þá vill sambandið benda á að ekki verður betur séð en að við niðurfellingu þeirra sérákvæða í lögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir verði öll starfsemi viðkomandi fyrirtækja skattskyld, og þá einnig sá þáttur starfsemi þeirra sem lýtur að rekstri vatnsveitna. Fram að þessu hefur það ekki verið markmiðið með breytingu á skattaumhverfi orkufyrirtækjanna að vatnsveitur skyldu skattlagðar og miðar frumvarp til laga um skattlagningu orkufyrirtækja við það. Í þessu frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir því að allar sértækar undanþágur einstakra veitufyrirtækja verði afnumdar. Eina haldreipið yrði 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt. Telja má víst að sú undanþága sé fullnægjandi varðandi þær vatnsveitur sem sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á, sbr. 2. tl. 4. gr. laganna. Öðru máli kann hins vegar að gegna varðandi vatnsveitur sem reknar eru af fyrirtækjum í fjölpætri starfsemi, s.s. Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka. Ekki verður séð að tryggt sé að vatnsveitur sem þessi fyrirtæki reka verði undanþegnar skattskyldu. Þá er jafnframt verið að afnema stimpilgjaldsfrelsi vatnsveitna verði frumvarpið að lögum í núverandi mynd en sú getur vart hafa verið ætlunin.

Í samræmi við framanritað leggur sambandið til að 80. gr. orkulaga verði ekki felld brott heldur verði henni breytt með það fyrir augum að skattaundanþága hitaveitna haldist. Ákvæði gæti því verið svohljóðandi: *“Hitaveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um í V. kafla laga þessara eru undanþegnar tekjuskatti, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Þó skulu framangreindar veitur greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af fasteignum í eigu þeirra samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.”* Þessa grein er einnig hægt að staðsetja sem 39. gr. orkulaga.

Þá er jafnframt rétt að tryggja skattleysi vatnsveitna. Það má gera með sambærilegu ákvæði sem setja mætti ýmist í lög um vatnsveitur sveitarfélaga eða í lög um tekjuskatt og eignarskatt.

Verði ekki orðið við framangreindum tillögum leggur sambandið til að staða vatnsveitna verði tryggð og að stimpilgjaldsfrelsi veitufyrirtækjanna haldist. Stimpilgjaldsfrelsinu er einfaldast að ná með sérstöku ákvæði þar að lútandi í lögum um stimpilgjald.

Verði á engan hátt tekið tillit til framangreindra athugasemda og tillagna telur sambandið eðlilegt að skoðað verði með hvaða hætti fella megi niður undanþágur frá fasteignamati mannvirkja orkufyrirtækja.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri